

12 stjórnarráðinu skýrslur, sem hann hefir fengið frá ullarmatsmönnum, og láta þar 25. febr. með fylgja yfirlitsskýrslu frá sjálfum sjer yfir ullarmatið og skýrslu um störf sín.

11. gr.

Yfirullarmatsmenn rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji hlýða erindisbrjefi þessu, og með alúð og samviskusemi rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þessari.

Þeir verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbrjefi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 25. febrúar 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

13
25. febr.

Erindisbrjef

fyrir ullarmatsmenn.

1. gr.

Ullarmatsmennirnir eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um verkun og þurkun á ull, og leiknir í því, að flokka hana eftir þeim reglum, sem settar eru um ullarmat.

2. gr.

Yfirullarmatsmenn eru yfirboðarar ullarmatsmanna, hver í sínu umdæmi. Ullarmatsmennirnir meta og flokka ull til útflutnings og hafa umsjón með þökkun, útskipun og meðferð hennar á útflutningsskipunum, undir yfirumsjón yfirullarumsjónarmanna og eftir nánari fyrirskipunum þeirra.

Ullarmatsmenn skulu vera til taks, þegar á þeim þarf að halda við ullarmat, og mega ekki fara úr þeim ullartökustað, þar sem þeir eiga að annast ullarmat, meðan á ullartöku stendur, nema með leyfi yfirullarmatsmanns, eða ef ekki næst til hans, hlutaðeigandi lögreglustjóra.

3. gr.

13

25. febr.

Ullarmatsmenn skulu skyldir að fara eftir fyrirskipunum yfirullarmatsmanna og hagnýta sjer sem best leiðbeiningar þeirra.

4. gr.

Á þeim útflutningsstöðum, þar sem ullarmagn er lítið, skal, eftir nánari ákvæðum yfirullarmatsmanns, einn matsmaður skoða, meta og flokka ullina og framkvæma annað, er að matsstarfinu lýtur, en annarsstaðar skulu tveir matsmenn gera það. Skulu þeir rita undir matsvottorð, en sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður eða ullarmatsmenn hafi undirritað vottorðið í hans viðurvist. Nú er hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, og skipar sýslumaður þá til þessa annan hæfan mann.

Ullarmatsmenn skulu úrskurða, hvort veður og sjór sje svo, að skipa megi ullinni út.

5. gr.

Ullarmatsmenn skulu gæta þess, að ull sje ávalt skoðuð, metin og vegin í þurum og þrifalegum vörugeymsluhúsum, þar sem er nægilega bjart. Og sje ullin ekki flutt í skip jafnóðum og henni er pakkað, ber þeim að hafa eftirlit með því, að hún sje geymd á hreinum og rakalausum stað.

6. gr.

Komi það fyrir við ullarmatið, hvort það er við skoðun á verkun ullarinnar eða þegar dæma skal þurkun hennar, flokkun eða þökkun eða umsjón við útskipan, að matsmenn sjeu í vafa um eitthvað, eða komi eitthvað fyrir, sem þeir hafa ekki fengið fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita til yfirullarmatsmanns og fá fyrirskipanir hans um, hvað gera skuli, en verði því ekki viðkomið, skulu þeir ráða það úr, sem þeim sýnist rjettast, og skýra hlutaðeigandi yfirullarmatsmanni frá því sem allra fyrst. Þeir skulu og skýra honum frá eða leita til hans, ef þeim er sýnd nokkur óhlýðni af þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem hlut eiga að máli.

7. gr.

Matsmenn fá í kaup 75 auro um hverja klukkustund, sem þeir eru við vinnu, hvort sem það er við mat ullarinnar, þökkun eða útskipun.

Purfi þeir að ferðast út fyrir hina löggiltu verslunarlóð, þar sem aðalstarf þeirra er, en ekki út fyrir umdæmi sitt, telst borgunin einnig fyrir þann tíma, sem þeir verða að vera á ferðinni fram og aftur.

Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá seljendum, kaupend-

13 um eða útflytjendum ullarinnar eða umboðsmönnum þeirra, eða öðrum, sem kunna 25. febr. að vera riðnir við sölu, kaup eða flutning ullarinnar á útflutningsskipunum.

8. gr.

Þeir, sem ullin er metin fyrir, gjalda ullarmatsmönnum kaup þeirra fyrir vinnuna við ullarmatið, og gera matsmenn reikning yfir vinnulaunin; skulu þau goldin í peningum.

Sje matsmönnum neitað um greiðslu á vinnulaunum sínum, skulu þeir leita aðstoðar yfirullarmatsmanns; skal hann rannsaka málið og skera úr því.

9. gr.

Aðalstarf ullarmatsmanna er við ullarmat á þeim stað, þar sem þeir eru skipaðir. Þó eru þeir skyldir, ef yfirullarmatsmaður kveður þá til þess, að starfa að ullarmati utan þess staðar, en gæta verður þess, að það komi ekki í bága við þau matsstörf, er ullarmatsmaður er sjerstaklega skipaður til að rækja.

Fyrir vinnu utan umdæmis síns fá þeir sömu tímaborgun og getið er í 7. gr., og auk þess ferðakostnað eftir reikningi. Ef þeir verða að biða eftir að framkvæma matið, skulu þeir fá daglaun, 5 krónur á dag.

10. gr.

Ullarmatsmenn mega ekki vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull, nje kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

11. gr.

Að loknum ullartökutímanum ár hvert senda ullarmatsmenn yfirullarmatsmanni skýrslu um starf sitt eftir skýrsluformi, sem stjórnarráðið semur.

12. gr.

Ullarmatsmenn rita undir drengskaparheit um það, að þeir vilji með alúð og samviskusemi rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla, og hlýðnast ákvæðum erindisbrjefs þessa.

Þeir eru skyldir að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbrjefi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 25. febrúar 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.